

Svæðisráðsfundur haldinn að Laugum 30. mars 2009

Mættir: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson frá Samtökum Útivistarféлага, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Katrín Eymundsdóttir frá Norðurþingi og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Nýr starfsmaður Norðursvæði
2. Umsögn um viðbyggingu á Gæsavatnaskála
3. Breytingar á vegtengingum Dettifossvegur
4. Umsögn Skútustaðahrepps um Verndaráætlun
5. Önnur mál

1. **Hjörleifur greinir frá ráðningu Jóhönnu Katrínar Þórhallsdóttur í starf hálendisfulltrúa þjóðgarðsvarðar.** Tuttugu og tvær umsóknir bárust og voru fimm teknir í viðtal, sem allir töldust vel hæfir. Umræða spannst um húsnæðismál hans, en erfitt er að finna húsnæði í Mývatnssveit yfir sumarmánuðina og þjóðgarðurinn hefur hingað til ekki tekið ábyrgð á húsnæðismálum starfsmanna sinna. Þessa sömu umræðu átti svæðisráðið haustið 2008 þegar álika spurningar komu upp við ráðningu Helgu Árnadóttur. Þá fór málið fyrir stjórn en var aftur vísað til svæðisráða til úttektar. Ekkert virðist hafa gerst síðan. Svæðisráð beinir því til stjórnar að hún taki af skarið í þessum málum og tryggi þjóðgarðinum húsnæði fyrir starfsmenn sína, annaðhvort í eigin byggingum eða í leiguhúsnæði sem þjóðgarðurinn leigi til langs tíma og endurleigi starfsmönnum sínum.

2. **Umsögn um viðbyggingu Gæsavatnafélagsins.** Svæðisráð tekur undir umsögn þjóðgarðsvarðar:

„Umsögn þjóðgarðsvarðar Norðursvæðis.

Þjóðgarðsvörður leggur til að framkvæmdaleyfi til viðbyggingar áhaldageymslu við Skála Gæsavatnafélagsins í Gæsavötnum verði veitt

1. Viðbyggingin er hönnuð í samræmi við skálann af sama arkitekt. Hún hefur engin eða óveruleg áhrif á ásýnd staðarins.
2. Viðbyggingin leysir geymsluvanda á gasi ofl. sem bæta mun umgengni við skálann.

3. Gæsavatnafélagið hefur verið til fyrirmyndar í umhverfismálum hvað varðar skálann sjálfan, rekstur hans og byggingu svo og umhyggju sinni fyrir Gæsavötnum og hálendinu norðan Vatnajökuls.“

3. **Athugasemd skipulags- og byggingarnefndar Norðurbings vegna könnunar á matsskyldu á breytingum á vegtengingum Dettifossvegur.** Svæðisráð tekur undir með nefndinni að vegtenging að Langavatnshöfða megi ekki koma í veg fyrir lagningu slitlags í Vesturdal. Svæðisráð telur hinsvegar að ekki verði unnt halda í bæði nýtt og gamalt bílastæði við Hólmatungur. Hugmyndin að nýju bílastæði gengur út á að bæta aðgengi hreyfihamlaðara, og þeirra sem ekki vilja ganga, með því að færa það nær brún ákaflega góðs útsýnisstaðar yfir Hólmatungur á Þórunnarfjalli og leggja að brúninni vandaðan 300 metra langan göngustíg færan hreyfihömluðum. Hinsvegar er ástæða til þess að gera ekki gönguna niður í Hólmatungur lengri en þörf krefur og mun því þjóðgarðurinn leggja göngustíg beint frá nýju bílastæði niður í Hólmatungur, verður þá lenging gönguleiðar aðeins 370 metrar í jöfnum bratta (30 hæðarmetrar). Áætluð lenging á göngutíma fyrir venjulegt eða hægfara fólk er 5-10 mínútur. Slík lenging mun ekki breyta erfiðleikastigi gönguleiðarinnar né hindra þá sem á annað borð hafa getu til að ganga niður í Hólmatungur. Því sér svæðisráð, burtséð frá vegtæknilegum ástæðum, ekki ástæðu til þess að halda í gamla bílastæðið í Hólmatungum, sem flækja myndi allt skipulag á svæðinu.

4. **Athugasemdir Skútustaðhrepps við tillögu svæðisráðs að verndaráætlun.**Farið yfir einstaka liði. Mikið af góðum athugasemdum um málfar. Böðvar falið að halda til haga svörum við efnislegum athugasemdum.

5. **Önnur mál.**

- Farið yfir drög að verndaráætlun eins og staðan er á vinnuvef Alta og nokkrar athugasemdir gerðar, Böðvari falið að koma á framfæri.